

**Ed.**

**573. Frumvarp**

til laga um eftirlit með sparisjóðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela stjórn Landsbanka Íslands að láta starfslið bankans endurskoða alla sparisjóði landsins einu sinni á ári og gefa árlega út yfirlitsskýrslu um hag sjóðanna.

2. gr.

Lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, skulu úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.